

Miðvikudaginn 16. júní 1976.

Nr. 122/1976. **Gylfi Guðmundsson**

gegn

Kristjáni Gíslasyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávisun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1976, sem Hæstarétti barst 11. júní 1976. Krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun um vísun málsins frá héraðsdómi verði úr gildi felld og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Farið var með mál þetta í héraði samkvæmt lögum nr. 49/1968.

Sóknaraðili höfðaði málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, áritaðri af Kristjönu Jónsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, 5. apríl 1976. Krafðist sóknaraðili í stefnunni greiðslu ógreiddra eftirstöðva leigugjalds fyrir bifreið að fjárhæð 85.802 krónur með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 7. nóvember 1975 til greiðsludags svo og málskostnaðar. Málið var þingfest á bæjarþinginu 29. apríl 1976. Var þá eigi sótt þing af hálfu varnaraðilja. Hinn 24. maí s. á. skráði áðurnefndur fulltrúi svohljóðandi áritun á stefnuna: „Birtingarvottorð stefnuvotta hljóðar svo: „Ár 1976, þriðjudaginn 13/4 kl. 17.10 birtum við undirritaðir stefnuvottar Eyrarbakka hrepps þessa stefnu á Kristján Gíslason, Hácyrarvöllum 52, Eyrarbakka, fyrir Þór Hagalín sveitarstjóra Eyrarbakka við heimili Kristjáns hér í hreppnum og afhentum Þór endurrit af stefnunni, sem hann lofaði að afhenda Kristjáni, er býr hér, en var fjarverandi“.

Birting hefur því ekki farið fram í samræmi við 96. gr.,

sbr. 95. gr. l. 85/1936, og ber því af þeim sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður“.

Ekki verður með vissu ráðið af vottorði stefnuvotta, að stefnubirting fullnægi ákvæðum 1. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að óheimilt var að höfða mál þetta sem áskorunarmál samkvæmt 1. gr. laga nr. 49/1968.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómsathöfn er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. júní 1976.

Nr. 88/1974. **Tímaritið Skák**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Ingólfsprenti h/f

(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Legi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skuldamál. Samdómendur. Hafning gagnsakar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1974. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 3. maí s. á., en áfrýjað var að nýju 6. s. m. með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda cru aðallega þær, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 26. nóvember 1973 verði ómerkt og